

## GJALDSKRÁ

**vegna þjónustu stuðningsfjölskyldna í Múlaþingi.**

1. gr.

Múlaþing greiðir stuðningsfjölskyldu þóknun fyrir hvern sólarhring sem barn dvelur hjá fjölskyldunni.

2. gr.

Fjárhæð greiðslna á sólarhring miðast við meðlagsgreiðslur hjá Tryggingastofnun ríkisins á hverjum tíma. Fyrir einn sólarhring er greitt hálfalt meðlag, fyrir helgardvöl (2 sólarhringa) er greitt heilt meðlag.

Upphæðir taka breytingum samhliða breytingum hjá Tryggingastofnun (upplýsingar á vefsíðu [www.tr.is](http://www.tr.is)).

3. gr.

Greiðslur til stuðningsfjölskyldna eru skattskyldar verktakagreiðslur en draga má frá kostnað samkvæmt reglum ríkisskattstjóra.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með stoð í 15. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og öðlast þegar gildi. Samþykkt í sveitarstjórn Múlaþings 8. desember 2021.

*Múlaþingi, 20. mars 2022.*

**Björn Ingimarsson** sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 26. apríl 2022